

Barnaheill
Kt: 521089-1059
Ársreikningur 2016



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar og reikningskilaaðferðir	8
Sundurliðanir með ársreikningi	9-10

Barnaheill - Save the Children á Íslandi
Kt: 521089-1059
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Hlutverk samtakanna

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem standa vörð um mannréttindi barna og eru málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Starfsemin á árinu

Hagnaður var af rekstri samtakanna á árinu 2016 að fjárhæð kr. 2.907.611 á móti rúmri milljón í hagnað árinu áður. Í árslok er eigið fé jákvætt um kr. 48.694.401 og er eiginfjárhlutfall samtakanna 94%.

Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti utan þess að engin erlend þróunarverkefni voru í gangi. Átak í fjölgun heillavina og hækkun framlaga á árinu skilaði sér í 20% hækkun tekjum frá styrktaraðilum og félagsmönnum á árinu 2015. Tæplega 20 milljóna króna styrkur Utanríkisráðuneytisins til neyðaraðstoðar í Sýrlandi á árinu er einnig stór ástæða tekjuaukningar á milli ára.

Hjá samtökunum störfuðu í árslok 3 fastráðnir starfsmenn en auk þeirra voru um 2 stöðugildi aðkeypt. Beinar launagreiðslur tengdar rekstri samtakanna á árinu námu alls kr. 24.037.813.

Stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla telja niðurstöður ársreikningsins gefa allar nauðsynlegar upplýsingar til að glöggva megi sig á rekstri og fjárhagslegri stöðu félagsins í árslok 2016 og staðfesta hér með ársreikning 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 4. apríl 2017

Í stjórn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Kolbrún Baldursdóttir

Sigríður Olgeirsdóttir

Már Mátsson

María Sólbergdóttir

Jón Ragnar Jónsson

Anni Haugen

Ólafur Ó. Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Erna Reynisdóttir

Áritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Barnaheilla - Save the Children á Íslandi.

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Barnaheilla fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning efnahagsreikning þr 31.12.2016, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og skýringar. Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfesti ég samkvæmtminni bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan.

Ég er óháður Barnaheill í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef ég uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi ég aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun minni á hann. Álit mitt á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og ég staðfesti þær ekki á neinn hátt. Í tengslum við endurskoðun mína á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem ég hef aflað mér á félaginu við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef ég, á grundvelli vinnu minnar, álykta að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber mér að skýra frá því. Ég hef lesið aðrar upplýsingar í ársskýrslu og hef ekkert að upplýsa hvað það varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri Barnaheilla ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beiti ég faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Ég framkvæmi einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Reykjavík 27. mars 2017

Árni Björn Birgisson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi höfum yfirfarið ársreikninginn og í því sambandi kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Helga Jónasdóttir

Þórður Þórkelsson

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr	2016	2015
Rekstrartekjur			
Heillavinir og félagsgjöld		44.548.390	37.129.905
Fjáröflun	1	15.599.070	14.345.742
Framlög til verkefna	2	10.722.620	5.789.703
Opinber framlög	3	25.370.000	9.350.000
Erlendir styrkir	4	3.634.644	3.657.768
Aðrar tekjur	5	434.187	669.433
		100.308.911	70.942.551
Rekstrargjöld			
Innlend verkefni og starfsemi	6	32.042.390	34.406.482
Erlend verkefni	7	22.207.113	2.099.602
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	17.235.976	16.305.787
Kynningar og fjáröflun	9	25.181.989	18.453.978
		96.667.468	71.265.849
Rekstrarhagnaður (tap)		3.641.443	(323.298)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		732.936	1.534.210
Vaxta- og þjónustugjöld og gengismunur		(1.466.768)	(176.904)
		(733.832)	1.357.306
Hagnaður ársins		2.907.611	1.034.008

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir

	Skýr	2016	2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir	10		
Fasteignir		6.259.500	6.259.500
Áhöld og tæki		432.475	182.475
		<u>6.691.975</u>	<u>6.441.975</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		4.084.298	4.650.312
Birgðir		2.546.203	0
Handbært fé		38.755.684	41.382.096
		<u>45.386.185</u>	<u>46.032.408</u>
Eignir samtals		<u><u>52.078.160</u></u>	<u><u>52.474.383</u></u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr	2016	2015
Eigið fé	11		
Óráðstafað eigið fé		48.694.401	45.786.790
		<u>48.694.401</u>	<u>45.786.790</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		3.383.759	6.687.593
		<u>3.383.759</u>	<u>6.687.593</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>52.078.160</u></u>	<u><u>52.474.383</u></u>

Sjóðstreymi 2016

	Skýr	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)			
Samkvæmt rekstrarreikningi		2.907.611	1.034.008
		<u>2.907.611</u>	<u>1.034.008</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna			
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		566.014	(695.309)
Birgðir (hækkun) lækkun		(2.546.203)	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda			
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		(3.303.834)	1.775.707
		<u>(5.284.023)</u>	<u>1.080.398</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(2.376.412)	2.114.406
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar			
Kaupverð eigna		(250.000)	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(2.626.412)	2.114.406
Handbært fé í byrjun tímabils		41.382.096	39.267.690
Handbært fé í árslok		<u><u>38.755.684</u></u>	<u><u>41.382.096</u></u>

Skýringar með ársreikningi

Um samtökin

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Samtökin eru með starfsstöð að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4.tl.4.gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Samtökin greiða hinsvegar fjármagnstekjuskatt og tryggingagjald.

Hlutverk samtakanna er að standa vörð um mannréttindi barna og vera málsvari þeirra á grundvelli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta við sölu eða innlausn reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Rekstrarreikningur

Seldar vörur og styrkir eru færðar til tekna í rekstrarreikningi sem þær falla til á reikningsárinu.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Efnahagsreikningur

Fasteignir eru metnar á upphaflegu kostnaðarverði.

Birgðir eru samkvæmt talningu en um er að ræða kennsluefni vegna Vináttuverkefnisins.

Áhöld og tæki eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði.

Sundurliðanir með ársreikningi

1. Fjáröflun	2016	2015
Áheitasöfnun	1.884.241	1.461.007
Út að borða fyrir börnin	3.544.446	2.887.809
Jóla- og minningarkort	6.049.283	6.648.926
Fjáröflunarvarningur	615.600	0
Styrktarlínur	3.505.500	3.348.000
	15.599.070	14.345.742
2. Framlög til verkefna		
Styrkir vegna einstakra verkefna	1.176.000	2.620.223
Framlög vegna einstakra verkefna	6.940.588	1.370.350
Framlög vegna erlendra verkefna	981.032	1.183.150
Samfélagsstyrkir	1.625.000	615.980
	10.722.620	5.789.703
3. Opinber framlög		
UTN vegna neyðaraðstoðar	19.570.000	0
VEL rekstrarstyrkur	3.500.000	2.500.000
Styrkir vegna einstakra verkefna	2.300.000	6.850.000
	25.370.000	9.350.000
4. Erlendir styrkir		
Styrkir frá ESB v/Inhope	3.299.950	3.276.866
Aðrir erlendir styrkir	334.694	380.902
	3.634.644	3.657.768
5. Aðrar tekjur		
Húsaleiga íbúðir	434.187	669.433
	434.187	669.433
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	24.037.813	20.883.247
Bifreiðastyrkir	882.666	843.000
Tryggingagjald	1.961.940	1.814.837
Lífeyrissjóður	2.669.485	2.503.827
Sjúkra og orlofssjóður	364.981	321.652
Annar starfsmannakostnaður	0	180.172
Yfirfært á verkefni	(29.916.885)	(26.546.735)
	0	0
6. Innlend verkefni og starfsemi		
Vernd gegn ofbeldi	4.505.116	9.722.883
Málsvahalutverk	582.474	1.599.927
Stuðningsverkefni	476.574	626.320
Ungmennaráð	287.794	119.308
Önnur innlend starfsemi	881.095	339.305
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	25.309.337	21.998.739
	32.042.390	34.406.482

7. Erlend verkefni	2016	2015
Neyðaraðstoð	20.077.725	1.303.200
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	2.129.388	796.402
	22.207.113	2.099.602

8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Sími, internet og póstpjónusta	351.459	415.327
Upplýsingakerfi hugbúnaðarpjónusta	896.372	623.892
Endurskoðun og reikningsskil	789.235	928.512
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofupjónusta	4.581.520	4.293.362
Aðkeypt sérfræðipjónusta	470.580	0
Prentun, ritföng, smáhlutir og gjafir	202.428	165.098
Húsnæðiskostnaður	2.376.784	2.337.722
Tryggingar	59.197	54.780
Viðhald og rekstur tölvubúnaðar	542.168	767.392
Aðildargjöld alþjóðasamstarf	539.014	650.639
Ferðakostnaður	385.890	766.418
Fundakostnaður og ráðstefnur	1.098.027	943.694
Starfsmannakostnaður	221.117	0
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	4.722.185	4.358.951
	17.235.976	16.305.787

9. Kynningar og fjáröflun

Kostnaður vegna útgáfu blaðs	2.705.794	3.308.320
Kostnaður út að borða fyrir börnin	933.081	1.019.478
Umsýslugjald vegna innheimtu félagsgjalda og styrkja	5.934.569	5.508.737
Kostnaður vegna áheitasöfnunar	389.590	1.048.692
Kostnaður vegna útgáfu jólakorta	1.414.407	1.379.634
Öflun félagsmanna og styrktaraðila	9.302.103	1.222.809
Yfirfærður launakostnaður og verktakalaun	4.502.445	4.966.308
	25.181.989	18.453.978

10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	6.259.500	3.359.665	16.359.665
Keypt á árinu		250.000	
Stofnverð í árslok	6.259.500	3.609.665	16.359.665
Afskrifað í ársbyrjun	0	3.177.190	3.177.190
Afskrifað í árslok	0	3.177.190	3.177.190
Bókfært verð í árslok	6.259.500	432.475	13.182.475

	Fasteignamat	Brunabótamat
Opinbert mat íbúðar er sem hér segir	29.600.000	22.310.000

Íbúð samtakanna er til notkunar fyrir fjölskyldur langveikra barna.

11. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	31.12.2016	31.12.2015
Staða í ársbyrjun	45.786.790	44.752.782
Samkv. rekstrarreikningi	2.907.611	1.034.008
Staða í árslok	48.694.401	45.786.790